

Bókun bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra

Bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra fagna fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun sem og fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árin 2023 til 2026.

Áætlunin er í senn metnaðarfull og framsækin. Nokkrum af þeim stóru verkefnum sem hófust á síðasta kjörtímabili er senn að ljúka, á meðan önnur eru komin af stað eða hefjast á næstu misserum. Á kjörtímabilinu 2018 til 2022 fór fram mikil vinna við stefnumótun framtíðaruppbyggingu innviða og því fögnum við bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra að núverandi meirihluti kjósi að vinna áfram eftir þeirri stefnumótun.

Stefnumótun um uppbyggingu Grundaskóla, íþróttamannvirkja við Jaðarsbakka, Samfélagsmiðstöðvar, áhaldahúss, Búkollu og flöskumóttöku auk endurbóta á Brekkubæjarskóla og undirbúning að byggingu á nýjum leikskóla.

Við fögnum því að meirihluti Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hefur horfið frá frá þeim áformum sem kynnt voru við fyrri umræðu áætlunarinnar og fólu í sér mikla hækkun fasteignagjalda. Bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra hafa lagt á það mikla áherslu við gerð fjárhagsáætlunar að ekki verði kvikað frá þeirri vegferð sem mörkuð var af síðustu bæjarstjórn og skilaði einum lægstu álögum fasteignagjalda á meðal sveitarfélaga í landinu.

Samhliða gerð fjárhagsáætlunar hefur farið fram mikil greiningarvinna á öllum sviðum bæjarins. Því miður er það svo að sá góði árangur sem náðst hefur síðustu ár er ekki að endurspeglast í þeirri áætlun sem nú er til afgreiðslu. Bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra hafa bent á þá staðreynd að sá vöxtur sem birtist á milli ára er langt umfram auknar tekjur og við því verði að bregðast.

Á milli umræðna um fjárhagsáætlun hefur farið fram mikil umræða þar sem allir bæjarfulltrúar hafa komið að borðinu og fyrir það erum við þakklát. Það er einlæg trú okkar bæjarfulltrúa Framsóknar og frjálsra að við höfum tækifæri til þess að snúa vörn í sókn og sækja fram af fullum krafti. Tækifærin eru hér, nýtum þau!

Ragnar Sæmundsson

Ragnar Sæmundsson

Liv Ase Skarstad

Liv Ase Skarstad

Sædís Sigurmundsdóttir

Sædís Alexandra Sigurmundsdóttir